

Þriðjudaginn 26. maí 1987.

Nr. 313/1986.

Eggert Thorarensen

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Berghreini Þorsteinssyni og

Almennum Tryggingum h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörns-son og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. nóvember 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 5. s.m. Hann krefst þess að stefndu verði dæmd til þess að greiða honum in solidum 20.862,00 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. nóvember 1985 og hæstu innlánsvöxt-um, eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt skýrslu ökumanns R-21720 og skýrslu og uppdrætti lögreglu þykir ljóst að ökumaður R-11305 hafi ekið suður Grensás-veg og inn á mót þeirrar götu og Miklubrautar móti biðskyldumerki án þess að gæta að umferð vestan Miklubraut og valdið árekstri við R-21720 sem kom vestan Miklubraut. Átti ökumaður því sök á árekstrinum samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Kemur þá til álita hvort R-21720 hafi verið ekið að einhverju leyti ógætilega þannig að rétt sé að skipta sök samkvæmt 68. gr. um-ferðarlaga. Af hálfu stefnda hafa gegn mótmælum áfrýjanda engin sönnunargögn um þetta verið færð fram, og ekki verður sú ályktun dregin af ummerkjum á árekstrarstað, eins og þau koma fram á

uppdætti, að R-21720 hafi verið ekið hratt og ógætilega miðað við aðstæður eða með öðrum hætti andstætt umferðarreglum. Samkvæmt þessu verður að telja að ökumaður R-11305 hafi átt alla sök á árekstrinum.

Stefndu samþykkja kröfur áfrýjanda tölulega nema kröfu um auknar bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar vegna stærðar hennar. Áfrýjandi þykir eigi hafa fært sönnun á það að hann eigi rétt á hærri bótum fyrir afnotamissi en 974 krónum á dag.

Samkvæmt þessu verður krafa áfrýjanda tekin til greina þannig:

1) Greiðsla vegna sjálfsábyrgðar til húftryggjanda bifreiðarinnar 16.100 kr.	12.075	4.025,00 kr.
2) Bætur fyrir afnotamissi í 17 daga, 974 kr. á dag	8.000 kr.	8.558,00 kr.
Samtals		12.583,00 kr.

Vextir verða ákveðnir eins og í héraðsdómi, en stefndi mótmælir vaxtakröfu áfrýjanda ekki.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda 40.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Berghreinn Þorsteinsson og Almennar Tryggingar h/f, greiði áfrýjanda, Eggert Thorarensen, in solidum 12.583,00 krónur með vöxtum eins og í héraðsdómi segir.

Stefndu greiði áfrýjanda 40.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Er umræddur atburður varð voru ljósmerki á umferðarljósum gatnamóta Miklubrautar og Grensásvegur með þeim hætti að á hverjum stólpa logaði eitt gult ljós sem kviknaði og sloknaði á víxl. Var ökuönnunum, sem um gatnamótin fóru, heimilt að aka áfram með ýtrustu varúð sbr. niðurlagsákvæði 29. gr. reglugerðar nr.

414/1978 um umferðarmerki og notkun þeirra sbr. lög nr. 40/1968, 66. gr.

Ökumaður R 21720 skýrði svo frá að hann hefði séð til ferða R 11305 er henni var ekið að gatnamótunum úr norðurátt en hann hefði talið að henni yrði ekki ekið inn á gatnamótin fyrr en bifreið hans væri komin fram hjá. Hann hafði svo ekkert vitað fyrr en bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir bifreið hans og hafi hann þá hemlað og beygt undan en það hafi ekki nægt til að afstýra árekstri.

Má ráða af frásögn ökumanns R 21720 og hemlaforum eftir bifreið hans að hann hafi ekki fylgst með R 11305 á ferð hennar inn á gatnamótin og hafi hann ætlað að aka viðstöðulaust austur yfir gatnamótin. Gætti hann því ekki ýtrustu varúðar. Þykir hann því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum. Þykir mega staðfesta sakarskiptingu héraðsdóms.

Ég er sammála þeirri ákvörðun meiri hluta dómara að óbætt tjón áfrýjanda nemi 12.583,00 krónum. Samkvæmt framansögðu tel ég að stefndu beri að greiða $\frac{3}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða 9.437,25 krónur með vöxtum eins og í héraðsdómi segir en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. febrúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. febrúar sl., hefur Eggert Thorarensen, Bragagötu 36, Reykjavík, nnr. 1717-7818, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 7. nóvember 1985 á hendur Berghreini Þorsteinssyni, Dalseli 34, Reykjavík, nnr. 1026-9598 og Almennum Tryggingum hf., Síðumúla 39, Reykjavík, nnr. 0267-3363.

Stefnt er til greiðslu in solidum að fjárhæð kr. 20.862,00 með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru við innlánsstofnunar á hverjum tíma til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega að þeir verði algjörlega sýknaðir, en til vara að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi lýsir tildrögum málsins svo:

„Málavextir eru þeir að laugardaginn 28. júlí 1984 um kl. 3.45 varð árekstur á milli bifreiðanna R-11305, sem er eign stefnda, Berghreins, sem var ekið suður Grensásveg í Reykjavík með fyrirhugaða akstursstefnu í

austur og bifreiðarinnar R-21720, eign stefnanda, sem ekið var austur Miklubraut.

Umferðarljós stjórna umferð um gatnamót þessi, en þegar áreksturinn varð voru blikkandi gul ljós. Biðskyldumerki eru á gatnamótum Gresásvegar og Miklubrautar auk ljósanna. Ökumaður bifreiðarinnar R-21720 í þetta sinn var Hrólfur Smári Jónsson, Jörfabakka 20, Reykjavík; hann segir að hann hafi ekið bifreiðinni austur Miklubraut á hægri akrein götunnar. Hann sér bifreiðina R-11305 þar sem henni var ekið að gatnamótunum frá vinstri og að hann hafi ekki reiknað með að henni yrði ekið inn á gatnamótin fyrr en hann væri kominn fram hjá. En bifreiðinni hafi verið ekið áfram og að árekstrinum hafi ekki verið forðað þó hann hafi beygt undan.

Við áreksturinn skemmdust bifreiðarnar báðar og urðu báðar óökufærar þannig að fjarlægja varð þær með kranabifreið. Skemmdir á R-21720 voru á vinstra fram- og afturhorni. Bifreiðin er af gerðinni Peugeot og er notuð sem leigubifreið til fólksflutninga. Stefnandi segir að hann hafi ekið á 40-50 km hraða miðað við klst. Bifreiðin R-21720 var bæði í ábyrgðar- og kaskótryggingu hjá Samvinnutryggingum.

Ökumaður R-11305 var Bryndís Ósk Berghreinsdóttir, Dalseli 34, Reykjavík. Bifreiðin er Citroën fólksbifreið og tryggt lögbodinni ábyrgðartryggingu hjá Almennum Tryggingum hf.

Bifreiðin R-21720 var sett í viðgerð til Bilamálunar sf., Hamarshöfða 10 og var þar inni frá 28. júlí til 3. ágúst 1984 og síðan aftur 3. september til 12. september. Í báðum tilfellum eru báðir dagar meðtaldir eða samtals í 17 daga. Þar sem bifreiðin var í kaskótryggingu hjá Samvinnutryggingum þá greiddi það tryggingafélag viðgerðarkostnaðinn að undanskilinni sjálfsábyrgð, sem nam kr. 16.100,00, sem var hlutur stefnanda. Almennar tryggingar hf. greiddu 75% af þessari fjárhæð, þ.e. kr. 12.075,00. Á stefnanda féllu því vegna viðgerðarinnar kr. 4.025,00, sem er annar hluti stefnufjárhæðarinnar. Stefnandi gerði kröfu til þess að stefndu greiddu sér fyrir afnotamissi bifreiðarinnar þann tíma, sem hún var í viðgerð. Krafa hans var kr. 974,00 á dag auk 50% álags, þar sem hér var um að ræða 7 manna leigubifreið, sem ekið er að jafnaði 10.000 km á mánuði, þ.e. samtals kr. 24.837,00, en honum voru einungis greiddar kr. 8.000,00, sem greiðsla inn á tjón þetta, eftir standa því kr. 16.837,00.“

Hann gerir þannig grein fyrir málsástæðum sínum og lagarökum:

„Stefnandi reisir kröfur sínar á því að bifreiðastjórinn á R-11305 hafi ekið af miklu gáleysi á móti blikkandi gulu ljósi og fram hjá biðskyldumerki af Grensásveginum inn á Miklubrautina og alla leið yfir á hægri akrein Miklubrautar miðað við akstursstefnu í austur. Með þessu aksturslagi braut ökumaður R-11305 veigamiklar akstursreglur og ber því eigandi bifreiðarinnar alla ábyrgð á því tjóni sem þarna varð. Ekki hefur annað komið fram

en að bifr. R-21720 hafi verið ekið á eðlilegum hraða og á hægri akrein Miklubrautar á austurleið.“

„Skírskotað er einkum til 46. og 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og 67., 69., 70. og 2. mgr. 74. gr. sömu laga.“

Stefndu deila ekki um það að ökumaður R-11305 eigi meginsök á árekstrinum heldur hvort hann beri alla sök á honum. Telja þeir að skipta skuli sökinni skv. grundvallarreglu 68. gr. umferðarlaga. Halda þeir því fram að þeir hafi þegar bætt stefnanda tjón hans þar sem hann beri hluta sakar.

Þeir rökstyðja mál sitt svo:

„1. Á vettvangi gaf sig fram vitni sem hafði ekið austur Miklubraut, sömu leið og stefnandi, og kom að slysinu eftir að það var yfirstaðið. Lögreglumenn hafa það eftir þessu vitni að bifreið stefnanda hafi verið ekið fram úr bifreið vitnisins skammt vestan við gatnamót Háaleitisbrautar, á mjög mikilli ferð, en vitnið kveðst þá sjálft hafa verið nálægt hámarkshraða á brautinni, sem er 60 km hraði á klst.

2. Stefnandi mótmælir því að hann hafi verið á ólöglegum hraða, en nefnir við lögreglumenn að hann telji hraðann hafa verið 40-50 km á klst. Þessi ummæli stefnanda benda til þess, að hann telji sig grunaðan um of hraðan akstur, ekki að ástæðuslausu, en reyni að draga úr grunsemdum.

3. Það, að bremsuför eftir bíl stefnanda eru 12 metrar skv. teikningu lögreglu, og árekstur það þungur að bill umbj. míns snýst um 45 gráður og kastast a.m.k. 10 metra, sannar tvímælalaust ólöglegan hraða á akbrautinni. Hvað þá á hættulegustu gatnamótum Miklubrautar.

4. Sú viðbára, sem fram kemur í lögregluskýrslunni, að bifreið umbj. míns hafi verið ljóslaus, er haldlaus í þessu máli, þar sem upplýst er og viðurkennt að stefnandi hafi séð bifreiðina R-11305, þ.e. bifreið umbj. míns, þar sem henni er ekið að gatnamótunum. Ljósleysi er því ekki orsakavaldurinn.

5. Í 49. gr. umferðarlaganna er ákvæði í 3. mgr. b og c lið, þar sem segir, að sú skylda hvíli á ökumönnum að sýna ýrustu varkárni, þegar skuggsýnt er og við vegmót.

6. Einnig skal bent á síðustu málsgrein 29. gr. reglugerðar nr. 414/1978 um umferðarmerki. Samkv. þeirri grein tákna tvö gul ljós á sama stólpa, sem kvikna og slokkna á víxl, það að aka megi áfram með ýrustu varúð.

7. Verulegur blæmunur er á orðalagi 1. mgr. 48. gr. umferðarlaganna og 3. mgr. 49. gr., sbr. síðustu mgr. 29. gr. reglugerðarinnar. Annars vegar er talað um að gæta „fyllstu varúðar“, en í tveimur síðastnefndu dæmunum að gæta „ýrustu varkárni“ og „ýrustu varúðar“.

Álit dómsins:

Ökumaður R-21720, Hrólfur Smári Jónsson, hefur komið fyrir dóminn.

Af hálfu stefndu er viðurkennt að ökumaður R-11305, sem tryggt var

ábyrgðartryggingu hjá stefnda Almennum Tryggingum hf. og var eign stefnda Berghreins Þorsteinssonar, hafi átt meginhluta sakar á árekstrinum. Hafa Almennar Tryggingar hf. greitt tjón stefnanda miðað við $\frac{3}{4}$ hluta sakar ökumanns R-11305. Aðeins hefur þó sbr. dskj. 10 verið greitt inn á tjón stefnanda vegna afnotamissis með kr. 8.000,00, það samsvarar um $\frac{1}{2}$ þess tjóns sem stefndu viðurkenndu tölulega við munnlegan flutning málsins vegna afnotamissis í 17 daga, kr. 974,00 á dag.

Í málinu er um það deilt hvort ökumaður R-21720, eign stefnanda, átti einhvern hluta sakar þannig að stefnandi verði að bera hluta tjóns síns sjálfur.

Miða verður við uppdrátt lögreglu af vettvangi þar sem ekkert hefur komið fram sem hnekkir honum. Við það verður því að miða að ökumaður R-21720 hafi ekið á vinstri akrein og að hemlaför eftir bifreið hans hafi verið 12 metrar, enda samræmist það uppdrættinum og framburðum aðila að öðru leyti en því að ökumaður R-21720 heldur því fram að hann hafi verið á hægri akrein.

Samkvæmt lögregluskýrslu gaf sig fram á vettvangi vitnið Marie Eypórs-son, sem kvaðst hafa ekið austur Miklubraut og komið að slysinu eftir að það var afstaðið. Marie benti á að bifreiðinni R-21720 hefði verið ekið fram úr sinni bifreið skammt vestan gatnamóta Háaleitisbrautar á mjög mikilli ferð. Hún kvaðst sjálf hafa ekið á 50-60 km/klst.

Ökumaður R-21720 neitaði því fyrir lögreglu að hafa ekið á ólöglegum hraða og taldi sig hafa verið á um 40-50 km/klst. hraða. Hér fyrir dómi hefur hann upplýst að á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar hafi verið gul blikkandi ljós og hafi hann ekið yfir gatnamótin óhindraður. Miklubrautinni hallar síðan í akstursstefnu hans að Grensásvegi. Ökumaður R-11305 heldur því fram að R-21720 hafi verið ekið ákaflega hratt og hefur það eftir farþega í bifreiðinni R-21720, sem hafi gefið sig fram við hann á slyssað, að bifreið þeirri hefði verið ekið „ofsalega“ hratt inn á gatnamótin.

Þegar uppdráttur lögreglunnar er virtur, framburðir aðila og vitna fyrir lögreglu, ákomustaðir bifreiðanna og tjón á þeim þykir nægjanlega í ljós leitt að ökumaður R-21720 hafi miðað við aðstæður ekið allt of hratt. Athuga verður í því sambandi sérstaklega að myrkt var, gatan blaut og gult blikkandi ljós á gatnamótunum en samkvæmt niðurlagi 29. gr. reglugerðar nr. 414/1978, sbr. 66. gr. 1. mgr. laga nr. 40/1968, mátti hann við þær aðstæður aðeins halda áfram með ýtrustu varúð. Hann verður því að bera hluta sakar af tjóninu.

Stefndi Almennar Tryggingar hf. hafa sbr. dómskj. nr. 7 greitt stefnanda án fyrirvara kr. 16.100,00 (sic) sem svara til $\frac{3}{4}$ hluta upphæðar þeirrar sem á hann féll sjálfan vegna tjóns á bifreiðinni. Þykir mega una við þá sakar-

skiptingu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu því að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta tjóns vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að eðlilegt sé hér að greiða fyrir hærri afnotamissi vegna stærðar bifreiðarinnar og hann hefur þegar fengið greiddar kr. 8.000,00. Niðurstaðan er þannig sú að stefndu skulu greiða stefnanda kr. 16.558,00 að frádrögnum kr. 8.000,00 með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir með tilliti til þessarar niðurstöðu og að upplýst er að stefndu hafa verið reiðubúnir til að greiða stefnanda skv. samkomulagi trygginga-félaganna bætur miðað við sakarskiptinguna 4/5-1/5, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Berghreinn Þorsteinsson og Almennar Tryggingar hf., greiði stefnanda, Eggert Thorarensen, kr. 8.558,00 með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. nóvember 1985 og síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr: 75/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.